



## Fundargerð sveitarstjórnar 9. apríl 2019

Fundur nr. 22 kjörtímabilið 2018-2022

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps 11. apríl 2019 á skrifstofu Vopnafjarðarhrepps kl 15:00.

Mætt til fundar: Björn Heiðar Sigurbjörnsson, Bjartur Aðalbjörnsson, Bárður Jónasson, Stefán Grímur Rafnsson, Axel Örn Sveinbjörnsson, Teitur Helgason og Sigríður Bragadóttir.

Einnig sat fundinn og Þór Steinarsson, sveitarstjóri í gegnum fjarfundarbúnað og Baldur Kjartansson, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

### 1. Almenn mál

*Fram hafa verið lögð stofnskjöl vegna verkefnisins í endanlegri útgáfu, í íslenskum og enskum þýðingum eftir atvikum. Þann 14. mars sl. lágu fyrir endanlegar útgáfur tveggja stærstu samninganna á ensku, þ.e. Management Agreement (Stjórnunarsamningur) og Joint Venture Agreement (Samrekstrarsamningur). Þær útgáfur voru sendar sveitarstjórnarmönnum til yfirlstrar sama dag. Bárust löggildar þýðingar til sveitarstjórnarmanna þann 5. apríl sl. til yfirlstrar. Þann 8. apríl sl. voru einnig lögð fyrir sveitarstjórnarmenn til yfirlstrar önnur endanleg skjöl er varða stofnun einstakra félaga, þ.e. samþykktir Finnaðarhafnar slhf. (FFPA), samþykktir Finnaðar slhf. (FF), samþykktir tveggja ábyrgðarfélaga þeirra (GP ehf.) og samþykktir Þróunarfélags Finnaðar (FFPD).*

Sveitarstjórnarmenn hafa kynnt sér öll ofangreind gögn.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps veitir sveitarstjóra heimild og fullt umboð til að undirrita fyrir hönd sveitarfélagsins þá samninga og þau skjöl sem þarf til stofnunar Finnaðarhafnarverkefnisins þann 11. apríl nk. Í því felst heimild sveitarstjóra til undirritunar þeirra skjala sem þarf til stofnunar þeirra félaga sem sveitarfélagið mun eiga hlut í sem og undirritun Stjórnunarsamningsins og Samrekstrarsamningsins, eftir atvikum fyrir hönd óstofnaðra félaga ef þess krefst.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundargerð lesin og borin upp til samþykktar, hún samhljóða samþykkt og fundi slitið kl.15:15.